



## **Viðbótarumsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga eftir fund með allsherjar- og menntamálanefnd 6.12.2019 um 329. mál**

Jákvætt frumvarp sem mætir vel áherslum sambandsins síðustu ár – þ.e. að námslánakerfið verði nýtt sem hvati fyrir fólk til að setjast að í dreifðum byggðum.

Hins vegar fylgja hér nokkrar athugasemdir, tillögur og ábendingar sem sambandið telur að taka þurfi til vandlegrar skoðunar:

- **2. mgr. 4. gr. – Lánsréttur**

*„Lánsréttur námsmanns skal vera fyrir 420 ECTS-einingum eða ígildi þeirra.“*

Heldur óskýrt ákvæði sem skilja má sem svo að háskólanám skv. viðmiðum um æðri menntun (rg. 530/2011) hvort sem er á þrepi 1.2. Bakkalárpróf eða þrepi 2.2. (meistarapróf) þurfi að vera 420 ECTS einingar. Það á augljóslega að vera þakið.

Tillaga að orðalagsbreytingu: *„Lánsréttur námsmanns skal vera að hámarki fyrir 420 ECTS einingum eða ígildi þeirra.“*

Síðan fylgir undantekningin v/ doktorsprófs í næstu málsgrein ákvæðisins.

- **3. mgr. 5. gr. – Háskólanám (kafli um Lánshæft nám)**

Þar kemur fram að námslán verða ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Í skýringum við ákvæði 3. mgr. 5. gr. kemur skýrt fram að nám sem er skipulagt með vinnu sé ekki lánshæft til framfærslu. Til að auka líkur á að leik- og grunnskólakennaranemar sem komnir eru af stað í M.ED. námi ljúki því á tilsettum tíma og skili sér til kennslu að námi loknu býðst þeim launað starfsnám frá og með haustinu 2019. Verkefnið felur í sér að kennaranemar í leik- og grunnskólakennaranámi við háskólastofnanir verði í launuðu starfsnámi í minnst 50% starfshlutfalli við leik- eða grunnskóla í eitt skólaár. Starfsnámið er launasett samkvæmt kjarasamningum sambandsins við Félag leikskólakennara og Félag grunnskólakennara og nemar í launuðu starfsnámi ávinna sér launatengd réttindi samkvæmt kjarasamningi. Það er mikilvægt að þessir nemar eigi kost á framfærsluláni því eins og frumvarpið er sett fram núna mun það torvela framkvæmd þessarar aðgerðar sem ráðherra menntamála og ríkisstjórnin hafa lagt áherslu á að komist til framkvæmdar.

- **5. tl. 8. gr. – Almenn skilyrði (réttur til námslána)**

Þar kemur fram að þeir sem þiggja námsaðstoð frá öðru ríki vegna lánshæfs náms eiga ekki rétt á námsaðstoð samkvæmt frumvarpinu.

Mikil eftirspurn eftir íslenskum nemendum við Bandaríska og Breska háskóla. T.a.m. er Chevening styrkurinn – Governments Global Scholarship programme, alfarið greiddur af breska ríkinu en ekki styrktaraðilum, t.d. eins og alþjóðlegum fyrirtækjum. Hér þarf að gæta þess að afburðarnemendur beri ekki hallann af því að njóta bæði styrkjar og námsaðstoðar.



\* til upplýsingar nemur Chevening styrkurinn um 18.000 pundum (um 2,8 millj. ísl.kr.) og á að nýtast fyrir t.a.m. flugferðum, visa áritun, skólagjöldum og heilbrigðissskoðunum/bólusetningum)

- **3. mgr. 20. gr. – Endurgreiðslutími námslána háður lántökufjárhæð**

*„Hafi námslán ekki verið að fullu greidd á því ári er lánþegi nær 66 ára aldri hefur sjóðsstjórn heimild til að gjaldfella lánin.“*

Í skýringum við ákvæðið (bls. 45 í frv.) segir einungis: *„Með þessu ákvæði er tryggt að markmið frumvarpsins nái fram að ganga og að námslán sem myndu annars falla niður falli ekki á aðra lánþega með herra vaxtaálagi.“*

Þetta eru afar fátæklega skýringar um svo mikilvægt atriði sem getur haft miklar afleiðingar í för með sér, t.d. fyrir lögerfingja og maka sem situr í óskiptu búi. Þá er ekki ljóst hvort um afturvirkni er að ræða, sérstaklega ef litið er til 2. mgr. IV. bráðabirgðaákvæðis (á bls. 12 í frv.). Þannig er ekki nægjanlega skýrt hvort að sú afturvirkni sem um ræðir eigi að ná til V. kafla frumvarpsins (sem fjallar um niðurfellingu á 30% námsstyrks og styrkja vegna framfærslu barna) eða hvort að sú afturvirkni sem kveðið er á um í bráðabirgðaákvæðinu gæti hugsanlega átt við um VI. kafla frumvarpsins sem fjallar um lánakjör, endurgreiðslu námslána, vanskil og fyrningarfrest.

Ef afturvirkni bráðabirgðaákvæðisins nær ekki til ákvæðis 3. mgr. 20. gr. gæti það haft miklar afleiðingar í för með sér og sett lánþega í sömu stöðu og ábyrgðarmenn í núverandi kerfi. Áhrifanna gæti gætt við einkaskipti á dánarbúum þar sem erfingjar þurfa að vera sammála allir sem einn að taka við skuldum og enn verri afleiðingar fyrir maka lánþega sem situr í óskiptu búi.

Þá má einnig velta því fyrir sér hvort að hér sé um að ræða forsendubrest fyrir þá sem eru í núverandi kerfi og tóku ekki námslán með það fyrir augum að þurfa að greiða þau fyrir 65 ára aldurinn og gerðu ekki ráð fyrir að lánin yrðu sjálfkrafa gjaldfelld við 66 ára aldur hafi þau ekki verið greidd fyrir 65 ára aldurinn.

- **27. gr. – Sérstök ívilnun námsgreina**

Ákvæðið hefur að geyma nýmæli sem heimilar ráðherra að veita sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána vegna tiltekinna námsgreina að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Heimildin er ætluð til þess að gefa ráðherra tækifæri til þess að bregðast við ástandi þar sem skortur er viðvarandi eða fyrirsjáanlegur á fólki með tiltekna menntun, með því að skapa sérstaka hvata fyrir fólk til þess að sækja sér þá menntun eða til að starfa í tiltekinni starfsgrein.

-Aðgerðin er mjög jákvæð en bent er á nauðsyn þess að gæta jafnræðis við aðrar starfsstéttir þar sem skortur er á menntuðu starfsfólki og að pólitískir hagsmunir eða stefnumál verði ekki til þess að horft verði framhjá einstaka atvinnugreinum eða að öðrum atvinnugreinum verði gert hærra undir höfði.



- **28. gr. – Sérstök ívilnun vegna námsgreina á sérstökum svæðum**

Ákvæðið hefur einnig að geyma nýmæli – heimild ráðherra til að veita tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána hjá lánþegum búsettum á svæðum skilgreindum í samráði við Bygðastofnun.

Sambandið hefur um langt skeið talað fyrir því að þessi hugmynd komist til framkvæmdar. Þó er mikilvægt að tryggja að afgreiðslutími tillagna frá sveitarfélögum um ívilnun sé haldið í lágmarki, sbr. skýrslugerð Bygðastofnunar.

Þá er vakin athygli á því að skv. 27. og 28. gr. frumvarpsins gæti lánþegi sem klára menntun sína á réttum tíma, sest að á köldu svæði og starfar innan fagstéttar þar sem skortur er á fólki með umrædda menntun fengið tvöfalda ívilnun, auk 30% niðurfelling á námsstyrk.

\* Skv. úthlutunarreglum í Noregi 2019, þarf lánþegi að vera með skráð lögheimili og aðsetur í að lágmarki 12 mánuði í ákveðnum sveitarfélögum (tæmandi listi). Ívilnun er aldrei hærri en 25.000 NOK (um 332 þús. ísl. kr.) á ári og aldrei minni en 2.000 NOK á ári (eða um 26 þús. ísl. kr.)

f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,

Vigdís Häsler og Þórður Kristjánsson